Kæra bæjarstjórn,

Ég vil hér með senda erindi til skráningar í málakerfi Kópavogsbæjar varðandi niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar "Lengri opnunartími sundlauga í Kópavogi um helgar".

Alls skrifuðu **680 einstaklingar** undir áskorun um að Kópavogsbær tryggi fjármagn í fjárhagsáætlun 2027 til lengri opnunartíma sundlauga um helgar. Undirskriftasöfnunin stóð í tvær vikur, til 20. október 2026.

Vert er að taka fram að upplýsingum um undirskriftasöfnunina var deilt á hverfissíðum Kópavogs þann dag sem listinn opnaði, en ekki var ráðist í frekari kynningu eða endurtekna dreifingu eftir það. Flestar undirskriftir bárust fyrsta sólarhringinn, þegar færslurnar voru nýjar og sýnilegar á samfélagsmiðlum. Því er mögulegt að söfnunin hafi ekki náð til allra þeirra íbúa sem hefðu viljað taka afstöðu eða skrifa undir.

Þátttakan sýnir engu að síður að töluverður áhugi er á málinu. Lengri opnunartími styður við lýðheilsu og félagslega samveru íbúa á öllum aldri og getur jafnframt haft mikilvægt forvarnargildi fyrir ungmenni með því að skapa aðgengilegan, heilbrigðan og öruggan samveru stað á helgarkvöldum.

Í málefnasamningi meirihlutans 2026?2030 er sérstaklega kveðið á um lengri helgaropnun sundlauga. Því er óskað eftir að niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar verði teknar til formlegrar umfjöllunar og hafðar til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar 2027.

Ég óska eftir að erindið verði skráð í málakerfi Kópavogsbæjar og lagt fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn. Mér þætti vænt um að móttaka erindisins yrði staðfest og að mér yrði sent málsnúmer þess í framhaldinu.

Meðfylgjandi er opinbert yfirlit undirskriftasöfnunarinnar með nöfnum undirritunar og sveitarfélagi þeirra.

Virðingarfyllst,
María Kristín Valgeirsdóttir íbúi á Kársnesinu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11 2026